
vikuskammtur



AF HVÖT

Lesendadálkar dagblaðanna hafa löngum þjónað vissum tilgangi. Þeir eru í stuttu máli einn allsherjar sorphaugur fyrir vissa tegund af fólki til að ausa úr sér óþverranum án þess að láta nafns síns getið, og fá þá samborgararnir það stundum óþvegið, svo ekki sé meira sagt. Í þessum dálkum fær fólk líka að skrifa þegar það getur ekki lengur orða bundist yfir vömmum ýmissa stofnana, svo sem útvarpsins, sem hefur þá ef til vill fengið kommúnista eða heimdelling til að lesa morgunsögu barnanna. Í lesendadálkum er ár eftir ár hægt að fylgjast með því hvernig „Reiðmóðir" í Vesturbænum álítur að mjólkurhyrnur eigi að vera í laginu. „Dýravinur" upplýsir að þorski hafi verið misþyrmt með því að setja teygju um hálsinn á honum og sleppa honum svo aftur í sjóinn án þess að aflífa hann fyrst. Þá er það nærri daglegt brauð að „Reið-kona" í einhverjum borgarhluta finni gúmíhanska í sínu daglega franskbrauði, rottuhali finnst í bjúgunum í Breiðholtinu, en restin af dýrinu í kjötfarsinu í Árbænum, fremsti köggullin af þumalfingri í pulsum frá Sláturfélaginu, sem „Reið-kona" í Arnarnesinu bar gestum sínum til kvöldverðar og meira að segja gleymst að skafa undan nöglinni.

Ég held mér sé óhætt að segja að Morgunblaðið hafi riðið á vaðið með þessa einstæðu þjónustu við lesendur, eða allavega man ég eftir lesendadálkum undir nafninu „Vikverji", þegar ég var krakki. Þá var þessi lesendadálkur Morgunblaðsins tiltölulega saklaus en þörf lesning og hafði það að höfuðmarkmiði að fylgjast með komu kríunnar og annarra farfugla og gegndi þar með markverðu hlutverki. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, en óhætt er að fullyrða að síðan hin blöðin öpuðu það eftir að hafa á síðum sínum lesendadálka, hefur þróunin mjög færst í þá átt að gera þá að þeim sorphaug, sem að framan er lýst.

Þó er það nú svo að oft leynist perla í skithaugi. Eina slíka gat að líta í lesendadálki Morgunblaðsins — sem nú er nefndur Velvakandi — á þriðjudaginn var, undir yfirskriftinni „Tilburðir fyrir prófkjör". Þar kveður sér hljóðs „Reið-kona", en sýnir þann kjark og manndóm að skrifa þó undir fullu nafni. Nafn konunnar er Auður Auðuns, en tilefnið það, að kunnur heiðursmaður og sannur sjálfstæðismaður hér í borg hefur óskað þess að gerast „limur" í einni af hinum mörgu deildum Sjálfstæðisflokksins hér í borg. Deildin sem umræddur heiðursmaður er að reyna að fá inngöngu í er „Hvöt", en heiðursmaðurinn enginn annar en ástsælasti Sjálfstæðismaðurinn um þessar mundir, sjálfur Albert Guðmundsson. Nú hefði mátt halda að félagarnir í „Hvöt" þættust hafa himin höndum tekið við svo óvæntan liðsauka, að minnsta kosti þegar höfð eru í huga orð kunnrar „Hvatarkonu" á fundi fyrir nokkru: „Það er undirstaða auknings „Hvatar", að limum fjölgi sem mest". En nú skeður hið undarlega. Nefnd Auður, sem virðist vera „Hvatarkona", bregst hin versta við umsókn flokksbróður síns og skrifar harðorða grein í lesendadálk Morgunblaðsins, Velvakanda, þar sem hún ber flokksbróður sinn hinum þyngstu sökum og segir að umsókn hans í framangreinda deild Sjálfstæðisflokksins sé af annarlegum toga spunnin, eða svo notuð séu orð Auðar sjálfrar: „Nú er í uppsiglingu prófkjör í Sjálfstæðisflokknum og hafa menn getað lesið í Morgunblaðinu um tilburði eins væntanlegs frambjóðanda til þess að vekja á sér athygli og skopast að." Síðar í greininni segir Auður að tilgangur Alberts sé augljós (sem sagt að vekja á sér athygli fyrir prófkjör) og lýkur síðan greininni orðrétt með þessum orðum: „Gæti maður þá fengið annan grínþátt að skemmta sér við, en þá verður að hafa snör handtök, því senn dynur prófkjörið yfir".

Svo mörg eru þau orðin í lesendadálki Morgunblaðsins, Velvakanda.

Fullvíst er talið að „Hvatarkonur" vilji synja Albert um inngöngu í „Hvöt", þar sem hann sé sannanlega ekki kona og líklegt talið að þær í Hvöt, sem sannreynt hafa þá staðhæfingu, hafi verið látnar staðfesta kynferði Alberts áður en hann var felldur sem limur.

Hinu er ekki að leyna að grunur leikur á að meðal hinna kvenlegu lima „Hvatar", félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, kunni að leynast nokkrir karlar, líkt og í landsliði Sovétríkjanna í kúluvarpi. Það vekur alltaf nokkrar grunsemdir, þegar konur eru mjög skeggjaðar, eins og nokkrar af „Hvatarkonum", og eins ef þær leita á stöllur sínar.

Mun það því næst á dagskrá hjá sjálfstæðiskvennafélaginu „Hvöt" að ganga endanlega úr skugga um kynferði limanna, en eins og augljóst er mun það aðeins hægt með einum hætti. Talið er fullvíst að Albert verði tekinn með í þá skoðun, svo endanlega sé hægt að hafna honum.


Og að athugun lokinni gæti þessi gamli húsgangur átt svo undurvel við.

Athugun sannaði ekki neitt,
undruðust það lýðir
að konur vantar aðeins eitt
sem Albert Guðmunds prýðir.

Flosi.



Ingiberg Magnússon skrifar um myndlist



Benedikt Gunnarsson og mynd sem heitir „Land í sköpun" — (ljósm. eik)

Benedikt Gunnarsson
Ég vil gefa í skyn

Benedikt Gunnarsson opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum. Þetta er stór sýning. Myndirnar eru eitt hundrað. Olíumálverk og pastelmyndir.

Sá sem gengur um sýninguna verður fyrst af öllu fyrir þeim áhrifum, að hann þekki aftur til hálfs fyrirbæri úr sýnilegum heimi.

Benedikt segist vilja forðast eftirlíkingar: Ég vil fyrst og fremst gefa í skyn. Hér er til að mynda málverk sem heitir Land og mannvirki. Gott og vel: þarna er land, og mannvirki, og birta, og fjarvídd. En þar með er ekki sagt, að hægt sé að fá þessu mannvirki stað á korti. Þessi mynd er dæmi um það, hvernig notaðar eru vissar eigindir úr umhverfinu, sem unnið er úr á persónulegan hátt.

Nafngiftir beina huganum samt á ákveðnar brautir. Nokkrar myndir eru úr flokki sem ber samheitið **Eldur í Heimaey**. Heitar og rauðar myndir. „Útfærsla á glóð í byggð" segir Benedikt.

Í annan stað mætir okkur mynd sem heitir Kristur í Getsemane. Höfundur hennar segir, að myndin sé tilraun til að sýna það efni á allt annan hátt en menn hafa vanist. Hann hefur unnið að verkefnum fyrir kirkjur, og þess sér stað á fleiri en einni mynd.

Allmargar myndanna raða sér í flokka. Blámi, hjálmar og óákveðnir tæknilegir hlutir fylkja sér saman í geimferðaflokk. Ein myndanna heitir meira að segja sérlega hátíðlegu nafni: Geimfarar ræða eilífðarmálin.

Benedikt Gunnarsson hefur haldið tólf einkasýningar. Hann á myndir í átta löndum.

Sýningin er opin til sunnudagskvölds, sjötta nóvember.

—áb

Tryggva-sýning í SÚM


Tryggvi Ólafsson er með sýningu í SÚM — listamaður sem hefur af ágætu hugviti unnið úr umræðuefnum og myndefnum fjölmiðla, tengt saman kunnuglega hluti af heillandi prakkaraskap. Við höfum kritík fyrir því, að þetta sé heillegasta og samstæðasta sýning frá hans hendi. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld. Þessi mynd Tryggva heitir Varið land.



Tvær sýningar á Kjarvalsstöðum

Gunnar Örn Gunnarsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag. Hann sýnir 68 málverk.

Líkami mannsins, nánar tiltekið — konunnar, blasir við í öllum hornum. Hringir brjóstanna njóta sérstaks forgangsréttar og geta vakið upp margskonar tengsli. Lykur um líf vort, lítill hringur,



Gunnar Örn Gunnarsson og mynd sem heitir Teikning á málverki (ljósm. eik)

Gunnar Örn Gunnarsson:
Mannslíkaminn með tilbrigðum

sagði skáld ágætt. Eins gæti ósvífinn maður látið sér koma í hug hringir þeir sem sérkenna orrustuflugvélar hernaðarþjóða.

Það eru engar ákveðnar persónur til fyrirmyndar, segir Gunnar Örn. Nema á eins og tveim myndum, önnur er af sjálfum mér, hin af afa og ömmu. En kannski kemur stundum í gegn svipur af fólki sem maður umgengst.

— Eru þessir líkamir allir einskonar andmæli gegn landslagsdýrkun Íslendinga?

— Nei, mannslíkaminn er mér fyrst og fremst efni til að vinna úr. Tilefni til að sýna það sem ég ætla málverkinu. Ef að ein myndanna heitir t.d. Margrét drottning **með fína húfu**, þá er sú nafngift orðin til eftirá, vegna líkingar, sem mér var bent á.

En á einni mynd er mættur danskur maður, skáldið Jens August Schade, hrikalegastur ástaskálda. Nakin kona þvert yfir forgrunninn, og Schade í gráum glugga fyrir ofan. Hann horfir ekki á konuna, þótt undarlegt megi virðast.

Þessi mynd er gerð í heiðursskyni við hálfrar aldar skáldferil Schades. Gunnar Örn hefur haldið tvær sýningar í Kaupmannahöfn. Níu sýningar alls, allt frá því að hann sýndi fyrst 1970.

Myndirnar kosta frá 60 til 500 þús. króna.

Sýningin er opin til sunnudagskvölds, 6. nóv.

—áb